

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um byggingar á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar.

Frá Silju Dögg Gunnarsdóttur.

1. Í hve mörgum vannýttum byggingum á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar greiðir ríkið fyrir hita, rafmagn og viðhald og um hve marga fermetra er að ræða?
2. Hver er árlegur rekstrarkostnaður ríkisins við þessar byggingar?
3. Hver er staðan á rafkerfisbreytingum í umræddum byggingum? Hver hefur kostnaðurinn við breytingarnar verið og hver fjármagnaði hann? Hver er áætlaður heildarkostnaður við rafkerfisbreytingar?

Skriflegt svar óskast.